

## Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 6. mars 2024 í máli nr. 74/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

### I

#### Aðild og kröfugerð

Þann 1. ágúst 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, („kvörtun“), frá X, („sóknaraðili“), vegna ágreinings við fyrirtækið Y, („varnaraðili“). Þú varnaraðila tekið til gjaldþrotaskipta 21. júní 2023.

Sóknaraðili telur að þjónusta varnaraðila hafi verið gölluð og krefst úrbóta í samræmi við álit skoðunarmanns. Þá krefst sóknaraðili þess að varnaraðili skipti út öllum gólfefnum í fasteigninni sem sé að hluta til búið að fjarlægja vegna rakaskemmda. Loks krefst sóknaraðili þess að varnaraðili máli allt húsið að innan, á eigin kostnað.

### II

#### Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 12. september 2023, var skiptastjóra þrotabús varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar innan tveggja vikna í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Var boð um aðild ítrekað með bréfi 6. nóvember 2023. Með bréfi, dags. 7. nóvember 2023, upplýsti skiptastjóri að hann hygðist ekki láta málið til sín taka fyrir hönd þrotabúsins.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, tilboð varnaraðila dags. 1. september 2018, verksamningur aðila, dags. 10. september 2018 og skoðunarblað fyrirtækisins [...].

Með bréfi, dags. 5. mars 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

### III

#### Málsatvik og ágreiningsefni

Af gögnum máls má ráða að [...], [...] sóknaraðila, gerði verksamning við varnaraðila 10. september 2018 um skiptingu á þakjárn og klæðningu á fasteign sinni að [...]. Samkvæmt samningnum var umsamið heildarverð fyrir verkið 8.928.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og skyldi það greitt með fjórum jöfnum greiðslum í samræmi við framvindu verksins. Þá var gert ráð fyrir í samningnum að verklok yrðu 10. nóvember 2018.

Samkvæmt því sem fram kemur í kvörtun lést verkkaupinn [...] þann 14. desember 2020. Þá lést [...] hans 29. júní 2022. Kveðst sóknaraðili, sem er dóttir þeirra hjóna, hafa erft fasteignina að [...] í kjölfarið og flutt inn í hana í september 2022. Sóknaraðili telur að [...] hennar hafi fullgreitt varnaraðila fyrir verkið í formi peningaseðla. Þá kemur fram í kvörtun sóknaraðila að eftir að verki lauk hafi farið að bera á vanköntum á því. Að sögn sóknaraðila hafi verkkaupinn óskað eftir úrbótum varnaraðila en án árangurs. Kveðst sóknaraðili jafnframt hafa reynt að fá varnaraðila til að framkvæma úrbætur en því hafi ekki verið sinnt af hálfu varnaraðila. Að frumkvæði sóknaraðila hafi skoðunarmaður hjá fyrirtækinu [...] gert úttekt á fasteigninni og útbúið skýrslu, dags. 14. júlí 2021. Að mati skoðunarmanns

hafi nokkrir vankantar verið á verki varnaraðila og því þörf á lagfæringum á þaki fasteignarinnar að hluta. Þá taldi skoðunarmaður að bæta þyrfti frágang á klæðningu við útveggi og glugga fasteignarinnar. Loks taldi viðkomandi að þörf væri á útskiptingu glugga og þaksperra. Að sögn sóknaraðila sé ljóst að kostnaður við lagfæringar á húsinu sé verulegur en ekki liggi þó fyrir hversu hár sá kostnaður verði.

#### IV

##### Lagaumhverfi

Ákvæði 9. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup (þkpl.) mæla fyrir þau tilvik þegar seld þjónusta telst gölluð. Samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 9. gr. verður þjónusta, með tilliti til notagildis, að svara til þess sem seljandi hefur lofað eða er með réttu áskilið af neytanda. Meginreglan er sú að neytandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að seld þjónusta hafi verið haldin galla þegar áhættan af henni hefur flust yfir til neytandans. Þá ber neytandi jafnframt sönnunarbyrði fyrir fjárhæð sem af hlýst vegna slíks galla.

Í 1. mgr. 17. gr. þkpl. segir að neytandi skuli tilkynna seljanda þjónustu um galla innan sanngjarns frests eftir að neytandi vissi eða mátti vita um gallann. Hafi neytandi ekki gætt þess glatar hann rétti sínum til að bera fyrir sig gallann. Ákvæði 2. mgr. 17. gr. þkpl. mælir fyrir um tveggja ára hámarksfrest neytanda til að tilkynna seljanda um galla á þjónustu. Ef neytandi kvartar ekki innan tveggja ára frá afhendingardegi hinnar seldu þjónustu getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Tilkynning neytanda um galla samkvæmt 17. gr. þkpl. getur verið hvort sem er munnleg eða skrifleg en neytandi ber sönnunarbyrðina fyrir því að tilkynnt hafi verið um galla innan frestsins.

#### V

##### Niðurstaða

Í málinu liggur fyrir að [...] sóknaraðila, sem nú er látinn, og varnaraðili gerðu með sér samning um þjónustu varnaraðila við framkvæmdir á fasteigninni að [...]. Umrædd þjónusta fellur undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup, sbr. 2. tölul. 1. mgr. 1. gr. laganna.

Í málinu liggur fyrir álit fyrirtækisins [...], dags. 14. júlí 2021, þar sem fram kemur að nokkrir vankantar hafi verið á þjónustu varnaraðila. Álitsins var aflað einhliða af sóknaraðila án aðkomu varnaraðila en ekki liggur fyrir hvort álitnið hafi verið borið undir varnaraðila. Í álitinu kemur m.a. fram að: „[v]ið skoðun kom í ljós margir hlutir sem þarf að laga og hefði átt að gera betur bæði við klæðningu á húsinu og viðgerð á þaki ásamt að setja nýjar sperrur þar sem þær eru skemmdar og fúnar á sumum stöðum. Best hefði verið að fara í gluggaskipti áður en húsið var klætt að utan vegna frágangs við glugga. Ekki eru settar réttar skráfur í klæðningu sem eiga að vera hvítar en eru svartar og þetta þarf að laga. Þarf að endurgera þakið að hluta og laga alla klæðningu (frágang) við útveggi og glugga þar sem það fellur ekki að og er ekki rétt gert.“ Í álitinu er hins vegar enga umfjöllun að finna um mat fyrirtækisins á kostnaði við lagfæringar á fasteigninni. Telur kærunefndin þó að álitnið varpi ljósi á að verki varnaraðila hafi að nokkru leyti verið ábótavant.

Af verksamningi verður ráðið að verki varnaraðila átti að ljúka 10. nóvember 2018. Sóknaraðili byggir á því að vankantar á verkinu hafi síðar komið í ljós og að [...] hennar hafi óskað eftir úrbótum en án árangurs. Hafi [...] sóknaraðila látist í lok árs 2020 og [...] hennar einu og hálfu ári síðar og hafi sóknaraðili erft og flutt í fasteignina að [...] í september 2022. Kveðst sóknaraðili hafa jafnframt óskað eftir úrbótum á hinu umsamda verki en varnaraðili ekki orðið við því. Undir meðferð málsins óskaði

kærunefndin í tölvubréfi til sóknaraðila, dags. 8. desember 2023, eftir upplýsingum og frekari gögnum vegna málsins. Var sóknaraðili m.a. innt eftir því hvenær ætlaðir vankantar á verkinu hafi komið í ljós. Þá var spurt hvort sóknaraðili gæti lagt fram skrifleg gögn sem staðfest gætu að varnaraðila hafi verið tilkynnt um þá ágalla sem [...] sóknaraðila og síðar sóknaraðili hafi talið vera á verkinu. Brást sóknaraðili ekki við þeirri ósk kærunefndarinnar þrátt fyrir ítrekun erindisins 13. desember 2023. Að framansögðu virtu er það mat kærunefndarinnar að sóknaraðili hafi ekki gert sennilegt að kvartað hafi verið undan galla á þjónustu varnaraðila innan sanngjarns frests í skilningi 1. mgr. 17. gr. þkpl. Þá liggur ekkert fyrir um að neytandi hafi tilkynnt um galla á þjónustunni innan tveggja ára frá því verkinu á að hafa verið lokið. Loks er ekkert í málinu sem bendir til þess að skilyrði 3. mgr. lagaákvæðisins eigi við. Með vísan til alls framangreinds er kröfum sóknaraðila hafnað.

## VI Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X, er hafnað.

---

Víðir Smári Petersen  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson